

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 123/2007

frá 28. september 2007

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnus töðum,
vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2007 frá 27. apríl 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/25/EB frá 5. apríl 2006 um lágmarkskröfur um heilbrigði og öryggi að því er varðar áhættu starfsmanna vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (tilbúinnar ljósgeislunar) (nítjándi sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 16jd (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/15/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„16je. **32006 L 0025**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/25/EB frá 5. apríl 2006 um lágmarkskröfur um heilbrigði og öryggi að því er varðar áhættu starfsmanna vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (tilbúinnar ljósgeislunar) (nítjándi sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) (Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 38).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/25/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 209, 9.8.2007, bls. 56, og EES-viðbætur nr. 38, 9.8.2007, bls. 36.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 38.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.